

GEIR KONRÁÐ

Fönix áætlunin

Úr ösku hins gamla, mun nýtt og glæsilegra rísa



Fimmtudagurinn, 5. mars 2009

Útgáfa 2

Efnisyfirlit

Efnahagsuppbygging og fjármögnun þess	3
Lausn.....	3
Alþjóðlegt höfuðstöðva- og fjármála svæði.....	4
Tollfrjálst millimarkaðs hafnarsvæði	4
Frjálst vísindasvæði	5
Vandamál með hina íslensku krónu.....	5
Lausn.....	6
Lánamál og getuleysi bankakerfisins	7
Lausn.....	8
Önnur málefni – hagkvæmni og sparnaður	9
Þungaflutningar.....	9
Opinber hugbúnaður.....	9
Orkusjálfstæði	9
Viðauki 1 - Stofnun alþjóðlegs höfuðstöðva- og fjármála svæðis	9
Viðauki 2 - Kosningar 2009 og kynning málefna	12
Viðauki 3 - Frjálsslyndi flokkurinn.....	15

Efnahagsuppbygging og fjármögnun þess

Við stöndum frammi fyrir gríðarlegum skuldum, vaxandi atvinnuleysi og fjöldagjaldþrotum. Hugsunarlaust hlaupast menn til Keynesiumismans og annarra lélegra hagfræðikenninga vegna skilningarleysis, hræðslu eða spillingar, þetta á við bæði erlendis sem innlendis.

Forgangsatriðin virðast ekki vera í lagi og ríki virðast ætla að eyða peningum sem þau eiga ekki í verkefni sem ekkert gefa af sér, og þannig ætlast þau til að laga ástandið. Verðlaus vinna er varðveitt í nafni vinnu og ótta við atvinnuleysi, og mistök fyrstu kreppunnar virðast ætla að endurtaka sig.

Skortur á alvöru lausnum hefur orðið til þess að almennt friðsöm þjóð reisti sig á afturlappirnar og ógnaði lögum og reglum, til að knýja fram réttlæti. Þjóðin veit, líkt og nær allir aðrir, að Ísland stendur frammi fyrir ógn sem getur komið landi og þjóð á kné niður.

Lausn

Það eru svona tímar sem skapa grunninn fyrir framtíðina, og ég sé fyrir mér nýtt Ísland rísa uppúr ösku hins gamla, glæsilegra og sterkara en það fyrra.

Við þurfum ekki að finna upp hjólið, ef það er þegar til, og það sama á við um leiðir til uppbyggingar efnahagsins. Hægt er að fylgjast með öðrum aðilum, sjá hvað virkar og hvað virkar ekki. Svo er hægt að taka rjómann af þeim hugmyndum og áætlunum, sem aðrar þjóðir hafa nýtt sér, taka mið af innlendum aðstæðum, og svo útfæra á sem bestan hátt útgáfu af þessum hugmyndum.

Efnahagsleg frísvæði (economic free zones) var mín niðurstaða. Afmarkað landsvæði, þar sem sérstök lög og reglur gilda, sem skapa aðlagandi umhverfi fyrir ákveðna tegund af atvinnurekstri.

Svæði svo sem Shannon á Írlandi, Shenzhen í Kína og svo frægast DIFC svæðið í Dubai, í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, hafa reynst vel og hafa sýnt mjög jákvæð áhrif á efnahag í þeirra nágreni.

Alþjóðlegt höfuðstöðva- og fjármála svæði

Ísland er mjög vel staðsett, mitt á milli tveggja heimsálfa. Aðstæður eru þannig í dag, að mjög herðir að fyrirtækjum í bæði London og New York. Auknar reglur og hærri skattar valda því að bæði stjórnendur og eigendur leita óðir að lausnum sem gætu bætt rekstur fyrirtækjanna. Það er mín tillaga, að við sköpum frísvæði hér á Íslandi, sem hannað verður til að laða að sér höfuðstöðvar alþjóðlegra stórfyrirtækja, frá Evrópu og Norður-Ameríku. Fyrirmyndin er þegar til staðar, því DIFC tókst að gera nákvæmlega þetta, þegar kom að Miðausturlöndum og Afríku. Ísland yrði að fjármálamiðstöð milli tveggja heimsálfa og inngangurinn fyrir höfuðstöðvar erlendra fyrirtækja að mörkuðum austurstrandar Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu.

Kostir Íslands eru margir: Staðsetning, hálært vinnuafli með tengda reynslu, græn og umhverfisvæn orka fyrir höfuðstöðvarnar, hlutleysi, tæknivætt innviði, öryggi og friðsæld og svo mætti lengdi telja.

Möguleikarnir að slá margar flugur í einu höggi eru til staðar. Uppbygging svæðisins og samfélagsins í kring væri á kostnað erlendra aðila sem sæju fram á gróða af húsaleigu. Jákvæð áhrif uppbyggingarinnar á byggingariðnað landsins og tengdar greinar væri gríðarlegur. Skatttekjur ríkisins myndu aukast og álag vegna erlendra skulda myndi léttast. Innflutningur erlends vinnuafli myndi auka eftirspurn eftir fasteignum og þar af leiðandi “laga” núverandi fasteignarverð. Til lengri tíma litið gagnast þetta huglægari málum þjóðarinnar einnig: stolt og sjálfstæði Íslands væri endurreist.

Tollfrjálst millimarkaðs hafnarsvæði

Annað frísvæði, með staðsetningu landsins í huga, er tollfrjálst millimarkaðs hafnarsvæði (Free port) eða fríhöfn. Til eru fjöldinn allur af þessum svæðum um allan heim, þar sem tollar eru ekki til staðar og lítið um reglugerðir og eftirlit. Þessi svæði geta verið gríðarlega jákvæð fyrir innlendan efnahag og gott dæmi um það er Hong Kong.

Staðsetning ræðu nær öllu, og þar hefur Ísland heppnina með sér. Nýjar siglingaleiðir eru að skapast, vegna aukinna gróðurhúsaáhrifa, aðrar eru að verða óæskilegri, vegna sjórána og aukinna storma. Með aukinni siglingarumferð frá

Asíu norður um Íshöf, má ætlast til þess að staðir á Íslandi eins og Vestfirðir, geti orðið aðlagandi staðsetning fyrir gríðarstóra fríhöfn sem væri miðpunktur siglinga fyrir markaði Asíu, Evrópu og Norður-Ameríku.

Frjálst vísindasvæði

Vísindin hafa nær alla sína sögu orðið fyrir aðkasti samfélags þess síns tíma, sem ekki hafði skilning á rannsóknunum eða hræddist útkomur þeirra. Samtíminn er engin undantekning. Genarannsóknir hafa orðið fyrir aðkasti og flótti stofnfrumurannsókna frá BNA til annarra landa hefur verið viðvarandi síðasta áratug.

Vísindin munu ávallt vera umdeild og það er ekki sök vísindanna að þau geta verið misnotuð, heldur sök gerandana. Vitandi það, legg ég til að við tökum þeim opnum örmum og sköpum vísindafrísvæði. Það svæði væri hannað með einföldum grunnreglugerðum sem ættu að vera aðlagandi við jaðarvísindi. Ísland hefur þann kost, umfram önnur lönd, að hér býr vel menntað og skilningsríkt fólk, og að landið er herlaust. Herleysið gefur okkur aukinn trúverðugleika um að niðurstöður rannsókna verið ekki nýttar til hernaðarlegs tilgangs.

Það er mín sýn að þetta svæði eigi ekki bara eftir að geta gert landi og þjóð leiðandi í framtíðarvísindum og kostum þess, heldur einnig eiga afleiðingar þessa svæðis möguleika á að bæta heiminn. Hvort sem að það verður genagræðsla sem bjargar barni frá meðfæddum hjartagalla, eða græðsla klónaðra hryggjaliða sem gefa eldri manni færi á að ganga aftur, þá höfum við lagt okkar til málanna.

Vandamál með hina íslensku krónu

Mikið hefur verið rætt um að lausn okkar við því vandamáli sem krónan er fyrir okkur. Þá hefur oftast verið horft til Evrópusambandsins og upptöku evru, en einnig hafa verið nefndar leiðir sem fela í sér einhvern annan gjaldmiðil, líkt og norska krónu eða BNA dollara.

Frjó hugsun virðist aldrei hafa ráðið ríkjum í huga fólks í dag, heldur flykkist það, án mikillar umhugsunar eða grandskoðunar, til upptöku einhvers af fyrrnefndum gjaldmiðlum, þó aðallega evru. Svo virðist sem allstaðar sé predikað þessi mikla töfralausn, en oft án allrar gagnrýnar.

Það verður þó að hafa í huga að Evran er bara rúmlega 10 ára gömul og er alls ekki víst hvort hún muni lifa kreppuna af. Nýlegar greinar í The Economist og The Guardian upplýsa lesendur um hættur sem steðja að evrunni og að hún sé í vanda stödd.¹

Lausn

Tímarnir í dag bjóða upp á mikla möguleika, ef fólk er tilbúið að hafa fyrir þeim. Alþjóðlegt, stafrænt flæði á gjaldmiðlum, gerir það að verkum að hendur okkar eru ekki eins bundnar pappírnum og/eða efnislegum skiptum, þegar kemur að viðskiptum.

Öld pappírspeninga og lítilla seðlabanka er liðinn og ég sé fyrir mér Ísland sem fyrsta landið sem tekur upp stafrænan fjölstólpa gjaldmiðil.

Líkt og Panama og El Salvador hafa gert, getum við tekið upp gjaldmiðil annarra þjóða og skorið burt þau vandræði sem fylgja litlum gjaldmiðlum og stjórn þeirra.² En gott má gera betra.

Stafrænn fjölstólpa gjaldmiðill væri uppsettur með þeim hætti að í stað pappírs krónu, væri í notkun stafræn kort sem byggðu á meðaltali nokkurra gjaldmiðla. BNA og kanadískir dollarar, sterlingspund, evra, japanskt jen og svissneskir frankar gætu verið undirstöður þessar meðaltals. Í stað þess að taka upp einn gjaldmiðil, myndum við lýsa því yfir að hér væru nokkrir, allir jafn löglegir.

Þetta hefði verið vandamál áður fyrr, að versla með fjöldann allan af gjaldmiðlum, en í dag er það augnablikstími fyrir tölvu að reikna raunvirði þeirra.

¹ http://www.economist.com/world/europe/displaystory.cfm?story_id=13062174

<http://www.guardian.co.uk/business/2008/dec/14/ruth-sutherland-sterling-euro-equitable-life>

² <http://www.panama-guide.com/article.php/2005101100001030/print>

Annað vandamál þessarar lausnar felst í breytingarstiginu frá krónu yfir til hins nýja gjaldmiðils. Hafa skal í huga að þetta vandamál er til staðar hjá öllum öðrum tillögum um nýjan þjóðargjaldmiðil, en munur er á þeim og þessari lausn. Hann er sá kostur sem felst í að við þurfum ekki að binda okkur niður í aðild að erlendum samtökum.

Við erum þegar komin hálf leið með því að hafa grunninn fyrir kerfið, meirihluti verslana tekur við kreditkortum, við þurfum bara þorið í að hugsa út fyrir það sem venjulegt er, og búa hér til fyrsta landið með nútímalegan gjaldmiðli sem nýtir sér alþjóðaöryggi allra stærstu seðlabanka heims.

Lánamál og getuleysi bankakerfisins

Hlutverk banka er sáraeinfalt. Þeir eru milliliður milli þeirra aðila sem eiga fjármagn og vilja ávaxta það á einfaldan hátt, og svo þeirra sem þurfa á fjármagni að halda, til að geta bætt stöðu sína. Með bættri aðstöðu geta þeir svo borgað fjármagnið til baka og svo sanngjarna þóknun fyrir "leigu" á fjármagninu. Það er hlutverk bankans að finna sem hagkvæmastan samning milli þessara tveggja aðila. Það er grunnurinn að rekstri góðs banka.

Síðustu tugi ára hafa bankar, seðlabankar og löggjafar þó gert þetta, vitandi eða óvitandi, mun flóknara fyrir bæði banka og viðskiptavinum, allt í nafni gróða, þjónustu og hagkvæmni.

Markaður fyrir fjármagn er eins og hver annar markaður, og virkar best ef hann er frjálfs og auðskýr. Stýrivextir, léleg lög og reglur ásamt ríkiábyrgðum gera ekkert annað en að skekkja markaðinn og á endanum, eins og sést í dag, koma honum á koll.

Það er skylda hverjar ríkistjórnar að skapa sem besta aðstöðu fyrir efnahag þjóðarinnar. Í dag einkennist bankamál Íslendinga af regluflækjum og almennu stjórnleysi, allt á kostnað efnahagsins.

Lausn

Til að laga skekkjuna í banka- og lánakerfi landsins, mæli ég með því að tekin verði upp kerfi sem reynst hefur einstaklega vel í Þýskalandi sem og annarstaðar,³ svokallað “social lending system” eða samfélags-lánakerfi.

Í þessu kerfi hefur umsjón milliliðarins (bankans) hefur verið dregin saman eða í raun skipt út fyrir stafræna aðstöðu, þar sem lánaveitandinn og lánaþeginn geta, á auðveldan og löglegan hátt, samið um lánin. Þessu kerfi hefur verið lýst sem blöndu af eBay + PayPal + Match.com, nema að þarna kemur þetta saman sem samkeppnishæfur og hvetjandi aðili á móts við bankana.

Lánaveitendur skrá sig inn á opinbera heimasíðu og gefa upp mögulega upphæð á fjármagni sem þeir eru tilbúnir til að lána. Væntanlegir lánþegar (einstaklingar eða fyrirtæki) skrá sig inn og gefa upp skuldarstöðu, eignir og því líkt. Því næst bíður það í lánið (líkt og á uppboði), boðin er ávöxtun, útskýring hví aðilinn þarf á láninu að halda, ásamt mögulegum áhættum og gróða. Lánaveitandinn fer yfir boðin og velur úr hverjum hann er tilbúinn að lána.

Þetta form bíður uppá mikla möguleika, eins og útfærslu á örlánahugmynd Muhammad Yunusar⁴, og auðvitað eru til fleiri útfæringar á þessu, en aðalmálið eru bein samskipti, þar sem framboð og eftirspurn, ásamt almennri skynsemi ráða vöxtum, veðum, áhættum og upphæðum. Annað mikilvægt atriði er að það eru alvöru peningar sem eru á bak við hvert lán, vonlaust er að lána pening sem ekki er til. Ábyrgðin er síðan í höndum einstaklinga og eftirlitið í augum þeirra allra.

Það voru slæm lán og ríkisábyrgðir sem komu okkur í þennan vanda, skynsöm lán og einstaklingsábyrgðir munu hjálpa okkur að komast úr honum.

³ http://news.bbc.co.uk/2/hi/programmes/click_online/6623267.stm
<http://www.centernetworks.com/social-lending-web-2-0>

⁴ <http://muhammadyunus.org>

Önnur málefni – hagkvæmni og sparnaður

Pungaflutningar

Land sem umkringgt er sjó og hefur góða höfn í hverjum bæ, ætti ekki að hafa meirihlutann af þungaflutningum á landi. Kostnaður skattgreiðanda við viðgerðir vegakerfisins, ásamt hærra vöruverði til neytenda vegna aukins flutningskostnaðar, gengur ekki. Leiðréttta verður þessi mistök og setja verður reglugerðir sem stýra þessum flutningum aftur út á sjó.

Opinber hugbúnaður

Flutningur opinbera aðila frá Microsoft hugbúnaði yfir í Open source hugbúnað myndi á einu bretti spara skattgreiðendum tugi, ef ekki hundraði milljóna, sem annars færu í leyfisgjöld til Microsofts.

Orkusjálfstæði

Danmörk, ásamt fleiri löndum, hafa tekið af skarið til að verða nær sjálfstæð í orkumálum, með því að vinna með fyrirtækinu Better Place við að setja upp hentugt innviði fyrir rafmagns og eða vetnisbíla. Net endurhleðslustöðva væri hægt að setja upp hér innanlands, ásamt hækkun gjalda á innflutning hefðbundinna eldsneytisbíla, til að stýra innkaupum þjóðarinnar til orkusjálfstæðis. Viðskiptahalli við útlönd er að stórum hluta erlend eldsneyti, sem með þessu væri hægt að eyða.

Viðauki 1 - Stofnun alþjóðlegs höfuðstöðva- og fjármála svæðis

Tillaga um að stofnað verði efnahagslegt frísvæði á suðurnesjum, sem miði að uppbyggingu efnahagsins, auki atvinnu og stuðli að bættu orðspori, þjóðar og lands, erlendis.

Efnahagsleg frísvæði:

Afmarkað landsvæði, þar sem sérstök lög og reglur gilda, sem skapa aðlagandi umhverfi fyrir ákveðna tegund af atvinnurekstri.

Notkun efnahagslegra frísvæða erlendis á sér langa sögu, og oft farsæla. Svæði svo sem Shannon á Írlandi, Shenzhen í Kína og svo frægast DIFC svæðið í Dubai, í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, hafa reynst vel og hafa sýnt mjög jákvæð áhrif á efnahag í þeirra nágreni.

Eftir ítarlega skoðun á þessum svæðum og aðstæðum innanlands, eru nokkrar sérstakar tegundir svæða taldar mögulegar og athyglisverðar. Hér verður þó einungis fjallað um eftirfarandi svæði:

Alþjóðlegt höfuðstöðva- og fjármála svæði

Þetta svæði er hannað á þann hátt að vera með einfaldar reglugerðir, enga skatta og langvarandi stöðugleika. Auk þess er nauðsynlegt fyrir svæðið að vera vel staðsett í tiliti til aðþjóðaviðskipta.

Með þessum þáttum er reynt að laða að alþjóðleg fyrirtæki, sem sjá sér hag í staðsetningu höfuðstöðva sinna á svæðinu. Með “tryggða” starfsemi á svæðinu, er það síðan uppbyggt af erlendum fjárfestum sem sjá hag til lengri tíma í rekstri og leigu húsnæðis og annarrar aðstöðu á svæðinu.

Þessi tegund frísvæðis hefur reynst mjög vel í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Svæðið, sem stofnað var árið 2002, hefur laðað að sér gríðarlegan fjölda fyrirtækja, sem nú reka, eða ráku (líklegt er að breytingar hafa átt sér stað í niðursveiflunni) þar svæðis-höfuðstöðvar sínar. Nefna má þekkt nöfn, líkt og: Citigroup, Goldman Sachs Group, Merrill Lynch International og Rothschild.

Framkvæmd á Íslandi

Þetta svæði getur verið einn af þeim stóru þáttum sem koma okkur uppúr þeirri kreppu, sem land og þjóð er í núna. Jákvæð áhrif þessa svæðis, bein eða óbein, eru möguleg í atvinnuuppbyggingu, niðurborgun erlendra skulda og leiðréttingu fasteignaverðs, svo fátt eitt sé nefnt.

Uppsetning þessa svæðis og verður mikið verk en reynt verður að útskýra það stuttlega hér fyrir neðan:

1) Íslensk útfærsla á erlendri hugmynd

- Hanna verður lagamma fyrir svæðið og tryggja fagleg og örugg vinnubrögð. Það verður ekki of erfitt, því þegar er búið að finna upp hjólið, og möguleiki er á að afrita erlenda fyrirmynd (DIFC í Dubai) og aðlaga að innlendum aðstæðum.
- Hafa verður sérstaklega í huga að innan þessa svæðis verður öll bein sala til neitenda bönnuð, ásamt því að ómögulegt verður að skrá búsetu sína innan svæðisins. Þetta er gert til að hámarka jákvæð áhrif svæðisins á nærliggjandi byggð, með tiliti til skatta.

2) Uppbygging

- Unnið verður að útboði lóða innan svæðismarkanna. Markmið verður að skapa sem glæsta aðstöðu til framtíðar, samkeppnishæfa og samanburðarhæfa við fjármálhverfi New York, Lundúna, eða Hong Kong.
- Mikilvægt er að hafa í huga að þessi uppbygging verður fjármögnuð af sjálfstæðum fjárfestum, sem munu hafa hag af því að leigja út aðstöðu til alþjóðlegra fyrirtækja.
- Hafa verður einnig í huga mögulega kosti þessarar uppbyggingar á efnahag lands og þjóðar, líkt og: Flæði og langvarandi bindingu erlends fjármagns í byggingu svæðisins og aukinni atvinnu á nærliggjandi svæðum (með möguleikum á bindandi kvóta, þegar kemur að notkun íslensks vinnuafis við uppbygginguna)

3) Starfsemi svæðisins

- Kynna verður svæðið og kosti þess, með tiliti til staðsetningar Íslands og auðlindum þess. Laða verður hingað til lands, þau fyrirtæki sem staðsett eru á svæðum sem orðið hafa “ópægileg” í formi nýrra aðstæðna, reglugerða og samfélagslegra viðmiða (New York, Lundúnir og mögulega Sviss⁵).
- Hafa verður hér í huga, þá gríðarlegu möguleika sem verða í boði fyrir íslenskt fagfólk úr gamla fjármálageiranum að koma til liðs við þessi nýju fyrirtæki (aftur er möguleiki á nausynlegan kvóta á að nota innlent vinnuafli).

⁵ <http://www.tagesanzeiger.ch/wirtschaft/konjunktur/Der-Schweiz-droht-der-Bankrott/story/20175185>

- Möguleiki er einnig fyrir jákvæðum áhrifum á fasteignamarkaði í nágrenni svæðisins, þar sem augljóst er að með nýju höfuðstöðvunum muni fylgja fjöldi erlends starfsfólks. Aukin eftirspurn getur leitt til þess að hreyfing kemst aftur á fasteignarmarkaðinn innanlands, og þar af leiðandi mun hjálpa fjölda fólks.

Það er svo sjálfstæði, hlutleysi og góð samskipti við umheiminn sem við þurfum að hafa í huga og rækta, því þetta er mikilvægt fyrir okkur, ekki bara vegna þess efnahagsvanda sem við erum í stödd í dag, heldur vegna þess að þetta gefur okkur markmið. Við höfum möguleikan á því að líta til baka áratugum síðar og sjá, með stolti, sjálfstætt Ísland sem fjármálamiðstöð hins vestræna heims, þjónandi vestur-Evrópu og austurhluta norður-Ameríku, ásamt því að vera stökkpallur fyrir alþjóðleg fyrirtæki inná þetta svæði.

Þetta væri grunnurinn að raunverulegu góðæri sem ekki væri reistur á skammtíma brauðfótum, heldur langtíma árangri lands og þjóðar.

Pólitískir ávinnar fyrir Frjálslynda flokkinn

Þessi hluti Fönix áætlunarinnar gefur flokknum og frambjóðendum hans möguleika á að aðgreina sig, á skýran hátt, í kosningunum, með frumlegu stefnumáli sem höfðar beint að stærstu áhyggjum kjósenda. Það er geta komið með skýra lausn á atvinnuvanda þjóðarinnar, ásamt því að eiga möguleika á að gefa fasteignarmarkaði landsins stóra vítamínsprautu, án þess að hækka skatta eða skera niður þjónustu.

Geir Konráð Theodórsson

Viðauki 2 - Kosningar 2009 og kynning málefna

Tímarnir og aðstæður hafa breyst frá síðustu kosningum. Krafa um breytta framkomu gagnvart kjósendum liggur í loftinu og því skylda flokksins að koma til móts við fólkið. Innantóm slagorð, loforð og klisjur frá öllum flokkum, er ekki eitthvað sem fólk vill endalaust fá framan í sig. Að fá að vera fulltrúi þjóðar á þingi

er mikill heiður og því augljóst að ávallt skal koma fram við kjósendur af virðingu og sérstaklega í kosningabaráttunni.

Frjálslyndi flokkurinn verður að komaaráttunni yfir á æðra stig með breyttum aðferðum. Fara skal ítarlega í baráttumál flokksins á aðgengilegan hátt, jafnframt því að gera þau opin fyrir gagnrýni (því batnandi manni er best að lifa, og það sama á við um málefni).

Ég legg til að notuð verði eftirfarandi aðferð (sem svipar til aðferða Obama í forsetakosningum þar í landi), sem er hentug fyrir núverandi aðstæður, því með henni er leitast við að upplýsa kjósendur á meðvirkan og ódýran hátt í gegnum netið.

- 1) Skoðanir og áherslumál þjóðarinnar skulu könnuð líkt og fyrirtæki kannar eftirspurn markaðsins. Flokkurinn svara eftirspurn af bestu getu, skipulögðu og forgangsröðuðu framboði tiltekinna málefna.
- 2) Málefni eru krafín til mergjar og kostir þeirra og gallar eru kynnt á ítarlegan hátt, á fjölbreyttu stafrænu formi á heimasíðu flokksins.
 - a. Ritað mál á heimasíðu, brotið upp með myndum.
 - b. Upplesinn texti og ræður sem mögulegt er að niðurhala og spila á Mp3 spilurum og Ipod'um.
 - c. Myndbönd af ræðum frambjóðanda og öðru fræðsluefni, verður mögulegt að horfa á í gegnum síðuna, eða niðurhala fyrir stafræna spilara.

Notast er við vinsæl vefform, líkt og: Youtube, Blogtv, Facebook, Myspace og Twitter. Þessi form hafa þá kosti að vera ódýr ef ekki ókeypis, ásamt því að búa yfir möguleikum á að beisla kraft kjósenda til að gagnrýna og betrubæta.

- 3) Stafrænu upplýsingapakkar flokksins, með fyrrgreint efni, verður auðvelt að niðurhala, og þeir kynntir og auglýstir, og með þeim eru kjósendur hvattir til að taka þátt í umbótum málefnanna, ásamt því að gefa þeim mögulegan stuðning á kynningu málefnanna við þriðja aðila.
- 4) Frambjóðendur og flokksmenn eru síðan hvattir til að stöðugt miðla sínu efni: frá fundum, viðtölum eða bloggskrifum á sem fjölbreyttasta hátt í

gegnum heimasíðu flokksins. Ásamt því að svara gagnrýni og kynna nýjar skynsamur tillögur sem borist hafa frá kjósendum.

Fjölbreytni og endurnýjun heldur okkur í takt við kjósendur.

Hafa skal eftirfarandi í huga.

- Leitast skal við að vera uppbyggjandi fyrirmynd í kosningabaráttunni.
- Gagnrýni á hugmyndir annarra flokka skal vera sanngjörn og málefnaleg.
- Virða skal góðar hugmyndir andstæðinga, en leitast skal við að aðgreina okkar flokk og málefni hans í huga kjósenda.
- Kynna hvað skal gera, frekar en hvað hefði átt að gera.
- Tala skal við kjósendur, en ekki bara til þeirra.
- Aldrei skulu mistök vera falin, heldur þau viðurkennd og lexía dregin af þeim.
- Sparnaður skal hafður í huga og sem minnst eytt í innantóma vitleysu.

Frjálslyndi flokkurinn hefur hreinan skjöld frá kreppunni og rúmlega tíu ára sögu að baki, þar sem barist hefur verið fyrir lausn á vandamálum lands og þjóðar. Nú hafa ný vandamál risið upp gegn þjóðinni og flokkurinn mun ekki skerast undan, þvert á móti mun flokkurinn takast á við ný vandamál, sem og gömul, af krafti.

Það er mikilvægt, í þessari baráttu, að miða að skýrum rökstuddum tillögum þegar kemur að kynningu málefna flokksins, og huga að því að koma til móts við markmið flokks og þjóðar til lengri tíma.

Upprisa Íslands krefst forystu, og forysta fyrir íslenska þjóð skal ávallt vera okkar markmið!

Geir Konráð Theodórsson

Viðauki 3 - Frjálslyndi flokkurinn

Með tíu ára sögu og hreinan skjöld frá kreppunni en flakkar milli eins og þriggja prósentu fylgi: Frjálslyndi flokkurinn er vanmetnasti flokkur landsins.

Með málefni sem verða fyrstu raunverulegu lausnir á vanda þjóðarinnar, hvort sem sá vandi er á sjó eða landi, og skýra stefnu sem mun endurvekja efnahag, traust og stolt þjóðarinnar. Næstu kosningar geta orðið kosningar Frjálslynda flokksins.

Ég minna á að þetta eru stytтар og einfaldaðar útgáfur. Fyrir nánari útfærslu, tillögum til breytinga eða gagnrýni, á einni eða fleiri hugmynd, er þér velkomið að hafa samband.

Ég hef gengið til liðs við flokkinn og vil hjálpa honum ásamt þjóðinni á þessum erfiðu tímum.

Geir Konráð Theodórsson

e-mail: geir.konrad@gmail.com

gsm: 848 – 4046